



Grundarfjarðarbær

Bæjarráð

Fundargerð

339. fundur bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar, haldinn þriðjudaginn 26. ágúst 2008, kl. 16.30 á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar.

Mætt voru: Þórey Jónsdóttir, formaður, Rósa Guðmundsdóttir og Una Ýr Jörundsdóttir. Að auki sat fundinn Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri, og Ragnheiður Pálsdóttir sem ritar fundargerð.

Gengið var til dagskrár:

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

1.1 Umhverfisnefnd, 99. fundur 21/8 2008 í einum lið.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

Engar fundargerðir fyrirleggjandi á þessum fundi.

3. Mótorkrossfélag Grundarfjarðar 21/8 2008 - umsókn um leyfi fyrir frumaðgerðum á fyrirhuguðu svæði fyrir mótorkrosskeppnir í Kolgrafafirði:

Lögð fram beiðni frá Mótorkrossfélagi Grundarfjarðar, dagsett 21/8, um leyfi til undirbúnings, þ.m.t. útsetningu og jöfnun jarðvegs undir fyrirhuguðum akstursbrautum fyrir lagningu mótorkrossbrautar í Kolgrafafirði.

Samþykkt samhljóða.

4. Umboð fyrir bæjarstjóra til þess að skrifa undir lánasamninga og tilheyrandi skjöl vegna lántöku hjá Kaupþingi banka:

Lögð fram tillaga að umboði fyrir bæjarstjóra til þess að undirrita viðauka við lánsamning nr. 0321-35-4325, lánsamning vegna nýrrar lántöku hjá Kaupþingi banka og til þess að óska eftir útborgun lánsins.

„Bæjarstjóri, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, kt. 140951-2349, hefur fullt umboð bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar til þess að undirrita skjöl vegna eftirfarandi láns og nýrrar lántöku hjá Kaupþingi banka:

1. Viðauki við lánsamning nr. 0321-35-4325, upphaflega lán að upphæð kr. 100.000.000 tekið í JPY þ. 19. desember 2006. Skilmálabreyting verður á láninu og það verður til 2ja ára í senn en samtals til 15 ára.
2. Nýr lánsamningur um lán að fjárhæð kr. 45.000.000 til 2ja ára í senn en til 15 ára samtals.

Í báðum tilfellum eru lánin veitt í „myntkörfu“ EUR 40%, JPY 25%, USD 15% og CHF 20%.

Guðmundur Ingi hefur fullt umboð bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar til þess að óska eftir útborgun láns skv. lið nr. 2.“

Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir skólamáltíðir skólaárið 2008-2009:

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá fyrir skólamáltíðir skólaárið 2008 - 2009.

„Lagt er til að gjaldskráin verði eftirfarandi skólaárið 2008 - 2009 og miðast við að maturinn verði keyptur inn frá veitingahúsi/verktaka:

Framreiddar verða máltíðir fyrir nemendur í Grunnskóla Grundarfjarðar alla skóladaga frá mánudegi til og með fimmtudags. Maturinn verður framreiddur í húsnæði grunnskólans.

Verð fyrir hverja máltíð nemanda kr. 350

Gjaldið verður innheimt frá skrifstofu Grundarfjarðarbæjar.

Framangreind gjaldskrá endurskoðast eftir skólaárið í ljósi verðlagsbreytinga eða fyrr ef breytingar verða á fyrirkomulagi við matarinnkaup og matargerð.

Greinargerð:

Undirrituðum þykir ástæða til þess á þessu hausti að lækka verð til nemenda fyrir skólamáltíðir. Rök fyrir þessu eru í fyrsta lagi að efnahagsþróun hefur verið heimilum óhagstæð undanfarna mánuði og hefur það ekki síst bitnað á ungu fólki sem er með vaxandi fjölskyldu og þunga greiðslubyrði vegna húsnæðislána og annarra skulda. Í öðru lagi þykir undirrituðum ástæða til þess að hvetja til þess með verðlækkun, að öll börn í grunnskólanum njóti máltíða innan veggja hans á skólatíma. Það er skoðun skólayfirvalda að skólamáltíðir auki vellíðan barna á skólatíma og stuðli að betri eftirtekt og námsárangri.

Þórey Jónsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir“

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Bókun frá Unu Ýri Jörundsdóttur:

„Fulltrúi L-lista fagnar tillögu D-lista sem er í samræmi við tillögu L-lista frá 86. fundi bæjarstjórnar 10.12.07. Í bókun D-lista á þeim fundi kemur fram að talið var ábyrgðarlaust að leggja til nýja kostnaðarliði.“

Bókun D-lista:

„D-listi telur að aðstæður fjölskyldna í bæjarfélaginu hafi breyst frá þessum tíma í ljósi gengisfellingar krónunnar og hækkun kostnaðarliða við heimilishald.“

6. Fundarboð, námskeið, boð um þjónustu og umsóknir um styrki:

Ekkert fyrirbyggjandi á þessum fundi.

7. Annað efni til kynningar:

Ekkert fyrirbyggjandi á þessum fundi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.25

Pórey Jónsdóttir

Rósa Guðmundsdóttir

Una Ýr Jörundsdóttir

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Ragnheiður Pálsdóttir